

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 52/2001**

**frá 30. mars 2001**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2000 frá 28. júní 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Ályktun ráðsins 2000/C 56/01 frá 14. febrúar 2000 um að auka samþættingu og samþætta vöruflutninga innan Evrópusambandsins<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ályktun ráðsins 2000/C 56/02 frá 14. febrúar 2000 um að efla sjóflutninga á stuttum vegalengdum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir komi aftan við 91. lið (ályktun ráðsins 1999/C 222/01) í XIII. viðauka við samninginn:

- „92. **32000 Y 0229(01):** Ályktun ráðsins 2000/C 56/01 frá 14. febrúar 2000 um að auka samþættingu og samþætta vöruflutninga innan Evrópusambandsins (Stjtið. EB C 56, 29.2.2000, bls. 1).
93. **32000 Y 0229(02):** Ályktun ráðsins 2000/C 56/02 frá 14. febrúar 2000 um að efla sjóflutninga á stuttum vegalengdum (Stjtið. EB C 56, 29.2.2000, bls. 3).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 76 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 21.9.2000, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 56, 29.2.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 56, 29.2.2000, bls. 3.

2. gr.

Texti ályktana ráðsins 2000/C 56/01 og 2000/C 56/02 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.